

Verklag við fjöldatakmarkanir

Endurskoðað verklag vegna setningar nánari reglna um inntökuskilyrði og um fjöldatakmarkanir sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands

1. Deildir undirbúa tillögur að reglum í samráði við sameiginlega stjórnýslu Háskólans.
2. Tillögur skulu afgreiddar af viðkomandi deildum, á deildarfundum eða í deildarráði skv. umboði deildarfundar, fyrir lok nóvember.
3. Tillögur skulu miða við að reglur taki gildi við upphaf næstkomandi háskólaárs. Reglur um fjöldatakmarkanir, þar á meðal um inntökupróf fyrir nýnema, skulu vera tímabundnar og koma reglubundið til endurskoðunar, en aðrar reglur deilda t.d. um skipulagt framhaldsnám til meistara- og doktorsgráðu skv. 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, geta haft ótímabundið gildi.
4. Rektor leggur fram í einu lagi á fyrsta háskólaráðsfundi almanaksársins, drög að reglum, þar sem felldar hafa verið saman tillögur einstakra deilda sem fram hafa komið.
5. Háskólaráð afgreiðir drögin fyrir lok janúar.
6. Reglur samþykktar af háskólaráði eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Þetta er nauðsynlegt skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.
7. Viðeigandi hluti reglnanna er birtur í kafla hvernar deildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildar/náms.
8. Efnisatriðum reglna einstakra deilda verður ekki breytt, eftir að byrjað er að taka við umsóknum vegna námsins.